# LEIÐBEININGAR
# Umsókn um styrk til að gera tillögu um verndarsvæði í byggð

Minjastofnun Íslands

Athugið að fylla verður út í stjörnumerkta * reiti.

Athugið að víða má finna upplýsingahnappa (i) sem hægt er að smella á og fá þannig ítarupplýsingar um viðeigandi reit.

Athugið að innskráningartími í umsóknarkerfinu er 45 mínútur frá því að smellt er á „*Vista og áfram*“ hnappinn. Eftir það þarf umsækjandi að skrá sig inn aftur. Við mælum því eindregið með því að smella á „*Vista og áfram*“ hnappinn reglulega til þess að umsækjandi haldist innskráður.

Hér á eftir verða sýndar myndir af öllum blaðsíðum umsóknar um styrk til að gera tillögu um verndarsvæði í byggð ásamt skýringum. Mælt er með því að fara vel yfir þessar leiðbeiningar og hafa öll gögn tilbúin og við hendina þegar byrjað er að fylla í eyðublaðið á netinu.

## Efnisyfirlit


1. Innsendandi ..... 2
2. Umsækjandi ..... 2
3. Tengiliður/ábyrgðaraðili og umsjónaraðili verkefnis. ..... 3
4. Heiti og lýsing á verkefni ..... 4
5. Verkáætlun ..... 5
6. Kostnaðaráætlun ..... 6
7. Fjármögnun verkefnis ..... 7
8. Annað ..... 7
9. Fylgiskjöl ..... 8
10. Senda umsókn ..... 8

## 1. Innsendandi

Á fyrstu blaðsíðu umsóknarinnar þarf að staðfesta tölvupóstfang og símanúmer þess sem sendir inn umsóknina með því að ýta á vista og halda áfram.

## 2. Umsækjandi

Nafn sveitarfélags fyllist út sjálfkrafa þegar kennitala hefur verið slegin inn.

Einungis sveitarfélög geta sótt um styrki til að vinna tillögu að verndarsvæði í byggð.



## 3. Tengiliður/ábyrgðaraðili og umsjónaraðili verkefnis.

Hér þarf að koma fram hver er tengiliður/ábyrgðaraðili verkefnisins fyrir hönd sveitarfélagsins og hver hefur faglega umsjón með verkefninu.



**Tengiliður / Ábyrgðaraðili verkefnis**

Kennitala tengiliðs *

Leita

Nafn *

Netfang *

Netfang slegið inn af notanda

Svæðisnúmer *

+354

Símanúmer *

**Umsjón með verkefni**

Verkefnastjóri, nafn *

Starfsheiti *

Netfang *

Netfang slegið inn af notanda

Svæðisnúmer

+354

Símanúmer

Til baka

Vista og halda áfram

3 / 10

## 4. Heiti og lýsing á verkefni

### Heiti verkefnis

Vinsamlega skráið heiti verkefnis *

### Lýsing á verkefni

Hér er gert ráð fyrir að komi stutt lýsing á þeirri byggð sem tillaga um verndarsvæði nær til og afmörkun hennar. Einnig skal rökstyðja hvers vegna lagt er til að byggðin verði gerð að verndarsvæði og hvernig gera má ráð fyrir að byggðin eigi eftir að þróast. Líta skal til allra umhverfisþátta, m.a. húsagerða og byggingarefnis, lóða og garða, gangstétta, umferðarmannvirkja, fornleifa, hvort byggðin beri yfirbragð ákveðins tímabils í byggingarsögunni, hvort byggja megi ný hús og hvernig fella eigi þau að núverandi byggð

Hámark 2000 slög *

0 / 2000

← Til baka

Vista og halda áfram →

4 / 10

# 5. Verkáætlun

**Verkáætlun**

Hér skal gera grein fyrir verklagi við verkefni sem sótt er um styrk til, hverjir koma að þeirri vinnu, hvernig verkaskiptingu þeirra er háttað og hver stjórnar verkinu. Fram þarf að koma áfangaskipti verksins og heildartímaáætlun þess auk skýrrar tímaáætlunar um þá verkþætti sem sótt er um styrk til að vinna nú

Hámark 2000 slög *

0 / 2000

← Til baka

Vista og halda áfram →

5 / 10

## 6. Kostnaðaráætlun

Hér þarf að setja inn helstu kostnaðarliði en nauðsynlegt er að nánari sundurliðun kostnaðar komi fram í fylgiskjali.



## 7. Fjármögnun verkefnis




## 8. Annað

Valfrjáls reitur fyrir viðbótarupplýsingar ef þörf er á.



## 9. Fylgiskjöl

Nauðsynlegt er að setja sundurliðaða kostnaðaráætlun sem fylgiskjal. Einnig er hægt að setja önnur skjöl og myndir sem fylgiskjöl.




## 10. Senda umsókn

Á síðustu blaðsíðu þarf að passa að smella á „Senda umsókn“